

LANDSNET

Samandreginn
árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2023

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Kt. 580804-2410

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um aðra heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutverk Landsnets hf. er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga nr. 65/2003.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Hagnaður af rekstri félagsins var á tímabilinu USD 14.907 þús. og heildarafkoma tímabilsins nam USD 15.278 þús. og eigið fé félagsins var USD 471.788 þús. í lok tímabilsins.

Hlutfafé í lok júní 2023 skiptist á tvo hluthafa, en þeir eru:

	Eignarhlutur
Ríkissjóður Íslands.....	93,22%
Orkuveita Reykjavíkur	6,78%

Um síðustu áramót náðust samningar milli Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Landsvirkjunar, Rarik og Orkubús Vestfjarða um kaup ríkisins á 93,22% eignarhlut fyrirtækjanna í Landsneti og breyttist eignarhald í Landsneti í samræmi.

Rekstur ársins og horfur

Rekstur félagsins hefur gengið vel þrátt fyrir lækkun hagnaðar milli tímabila en skýrist sú lækkun að mestu af gengisáhrifum vegna veikingu íslensku krónunnar. Í samanburði við áætlanir er hagnaður tímabilsins ívið lægri en gert var ráð fyrir vegna verðbólgu- og gengisáhrifa en félagið gerir ráð fyrir svipaðri rekstrarniðurstöðu í lok árs og árið á undan.

Í lok tímabilsins er til staðar dómsmál Landsvirkjunar gegn Orkustofnun og Landsneti til ógildingar á gjaldskrá nr. 43 sem tók gildi 1. apríl 2022. Krafa um ógildingu byggir á að aflgjald vegna innmötunar hafi skort lagastoð. Málflutningur fór fram í byrjun febrúar 2023 og var niðurstaða Héraðsdóms Landsvirkjun í vil. Landsnet og Orkustofnun hafa áfrýjað málinu til Landsréttar og er reiknað með niðurstöðu í október næstkomandi. Stjórnendur telja meiri líkur en minni á að krafa um ógildingu verði felld niður og hafa því ekki fært varúðarniðurfærslu vegna málsins. Það er sömuleiðis mat stjórnenda að á hvorn veginn sem niðurstaða málsins verður, verði fjárhagsáhrif til lengri tíma óveruleg.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2023 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2023.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri Landsnets hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. ágúst 2023.

Stjórn félagsins:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Birkir Jón Jónsson

Friðrik Sigurðsson

Álfheiður Eymarsdóttir

Elín Björk Jónasdóttir

Forstjóri:

Guðmundur Ingi Ásmundsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Landsneti hf.

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Landsnets hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árs hlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árs hlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við reikningsskilastaðal IAS 34 um árs hlutareikningsskil eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 17. ágúst 2023.

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson
endurskoðandi

Berglind Klara Daníelsdóttir
endurskoðandi

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr.	1.1-30.6.2023	1.1-30.6.2022
Rekstrartekjur			
Tekjur af raforkuflutningi	5	83.098	86.589
Aðrar tekjur		984	933
		84.082	87.522
Rekstrargjöld			
Orkukaup og kerfisþjónusta	6	15.563	18.754
Rekstur flutningskerfis	7	28.256	25.850
Kerfisstjórn	7	2.530	2.975
Annar rekstrarkostnaður	7	7.838	7.228
		54.187	54.807
Rekstrarhagnaður		29.895	32.715
Fjármunatekjur		1.074	1.171
Fjármagnsgjöld		(12.537)	(9.672)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(11.463)	(8.501)
Áhrif hlutdeildarfélagas		165	103
Hagnaður fyrir tekjuskatt		18.597	24.317
Tekjuskattur	9	(3.690)	(4.846)
Hagnaður tímabilsins		14.907	19.471
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynnt hagnaður á hvern USD hlutafjár		0,33	0,43

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Yfirlit um aðra heildarafkomu 1. janúar - 30. júní 2023

	Skýr.	1.1-30.6.2023	1.1-30.6.2022
Hagnaður tímabilsins		14.907	19.471
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:			
Þýðingamunur vegna dóttur- og hlutdeildarféлага		172 (124)
Breyting niðurrifsskuldbindingar að teknu tilliti til tekjuskatts		199	1.504
Liðir í heildarafkomu færðir á eigið fé		371	1.380
Heildarafkoma tímabilsins		15.278	20.851

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Efnahagsreikningur 30. júní 2023

	Skýr.	30.6.2023	31.12.2022
Eignir			
Rekstrarfjármunir	7,10	911.280	917.066
Flutningsvirki í byggingu	10	40.903	29.655
Óefnislegar eignir	11	21.445	18.464
Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélagi		4.761	4.424
Langtímakröfur	15	3.804	3.273
Fastafjármunir		<u>982.193</u>	<u>972.882</u>
Birgðir		6.297	6.192
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		24.319	26.951
Handbært fé		52.761	26.325
Veltufjármunir		<u>83.377</u>	<u>59.468</u>
Eignir samtals		<u>1.065.570</u>	<u>1.032.350</u>
Eigið fé			
Hlutfé		45.549	45.549
Lögbundinn varasjóður		11.387	11.387
Bundið eigið fé		1.711	1.546
Endurmatsreikningur		190.991	195.582
Þýðingarmunur	(331)	(
Óráðstafað eigið fé		222.481	228.720
Eigið fé		<u>471.788</u>	<u>482.281</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	12	431.550	412.437
Tekjuskattsskuldbinding	13	70.324	69.883
Fyrirframinnheimtar tekjur		2.191	2.264
Niðurrifsskuldbinding		11.790	11.716
Langtímaskuldir		<u>515.855</u>	<u>496.300</u>
Næsta árs afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	12	50.457	28.066
Tekjuskattur til greiðslu		6.376	6.673
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		21.094	19.030
Skammtímaskuldir		<u>77.927</u>	<u>53.769</u>
Skuldir samtals		<u>593.782</u>	<u>550.069</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>1.065.570</u>	<u>1.032.350</u>

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2023

	Hlutfé	Lögbundinn varsjóður	Bundið eigið fé	Þýðinga- munur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2022:							
Eigið fé 1. janúar 2022.....	45.549	11.387	1.249	(86)	202.093	210.365	470.557
Hagnaður tímabilsins.....						19.471	19.471
Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu.....					1.504		1.504
Þýðingamunur.....				(124)		(124)	
Heildarhagnaður tímabilsins.....		0	0	(124)	1.504	19.471	20.851
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags.....			103			(103)	0
Greiddur arður til eigenda.....						(24.074)	(24.074)
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(5.006)	5.006	0
Eigið fé 30. júní 2022.....	45.549	11.387	1.352	(210)	198.591	210.665	467.334
Breytingar á eigin fé 1. janúar til 30. júní 2023:							
Eigið fé 1. janúar 2023.....	45.549	11.387	1.546	(503)	195.582	228.720	482.281
Hagnaður tímabilsins.....						14.907	14.907
Breyting niðurrifsskuldbindingar í gegnum heildarafkomu.....					199		199
Þýðingamunur.....				172			172
Heildarhagnaður tímabilsins.....		0	0	172	199	14.907	15.278
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags.....			165			(165)	0
Greiddur arður til eigenda.....						(25.771)	(25.771)
Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna.....					(4.790)	4.790	0
Eigið fé 30. júní 2023.....	45.549	11.387	1.711	(331)	190.991	222.481	471.788

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2023

	Skýr.	1.1-30.6.2023	1.1-30.6.2022
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		29.895	32.715
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi			
Söluhagnaður fastafjármuna	(2)	(5)
Afskriftir	7	17.921	16.597
Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða		47.814	49.307
Rekstartengdar eignir, lækkun (hækkun)		3.190	(4.227)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		1.589	7.161
Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða		52.593	52.241
Innborgaðar vaxtatekjur		421	73
Greidd vaxtagjöld og gengismunur	(9.985)	(7.276)
Greiddur tekjuskattur	(3.596)	(3.195)
Handbært fé frá rekstri		39.433	41.843
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í flutningsvirkjum	10	(20.327)	(17.215)
Aðrar fjárfestingar	10,11	(5.882)	(3.634)
Söluverð fastafjármuna		16	58
Langtímakröfur, breyting	(362)	31
Krafa vegna sölu eignarhluta		0	605
Fjárfestingarhreyfingar		(26.555)	(20.155)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána	(55.328)	(14.338)
Tekin langtímalán		93.301	20.000
Greiddur arður til eigenda	(25.771)	(24.074)
Fjármögnunarhreyfingar		12.202	(18.412)
Hækkun á handbæru fé		25.080	3.276
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		1.356	414
Handbært fé í ársbyrjun		26.325	25.224
Handbært fé í lok tímabilsins		52.761	28.914

Skýringar nr. 1 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings.

Skýringar

1. Félagið

Landsnet hf. er með lögheimili að Gylfaflöt 9, Reykjavík. Félagið er dótturfélag Landsvirkjunar og er árs hlutareikningur Landsnets hf. hluti af samstæðureikningi Landsvirkjunar. Félagið var stofnað á árinu 2004 á grundvelli raforkulaga sem Alþingi samþykkti árið 2003. Hlutverk þess er að annast flutning raforku og kerfisstjórnun á Íslandi samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003, og er því óheimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til að geta rækt skyldur sínar samkvæmt raforkulögum.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur Landsnets hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa árshlutareikninginn í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2022. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.landsnet.is og á www.nasdaqomxnordic.com

3. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þessar eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

4. Reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022. Í rekstrarreikningi hafa verið gerðar breytingar á flokkun kostnaðar á milli kerfisstjórnunar og annars rekstrarkostnaðar og hafa viðeigandi breytingar verið gerðar á samanburðartölum.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram. Árshlutareikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að flutningsnet félagsins er fært á endurmetnu virði.

Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur innleitt alla reikningsskilastaðla og breytingar á reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2023 og hafa verið samþykktar af Evrópusambandinu. Félagið hefur ekki innleitt nýja staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra staðla sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á árshlutareikninginn.

5. Tekjur af raforkuflutningi

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Tekjur af flutningi raforku greinast þannig:		
Orkuflutningur til stórnotenda	37.286	35.923
Orkuflutningur til dreifiveitna	22.851	23.030
Flutningstap og kerfisþjónusta	15.010	22.885
Þjónustutekjur og jöfnunarorka	424	665
Innmötunargjald	7.527	4.086
Tekjur af raforkuflutningi samtals	83.098	86.589

6. Orkukaup og kerfisþjónusta

Orkukaup og kerfisþjónusta greinast þannig:

Orkukaup vegna flutningstapa	9.388	13.236
Kerfisþjónustukaup	6.175	5.518
Orkukaup og kerfisþjónusta samtals	15.563	18.754

Skýringar, frh.:

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
7. Afskriftir		
Afskriftir greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 10	17.847	16.555
Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna, sbr. skýringu 11	74	42
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>17.921</u>	<u>16.597</u>
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Rekstur flutningskerfis	17.335	16.082
Kerfisstjórn	184	182
Annar rekstrarkostnaður	402	333
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>17.921</u>	<u>16.597</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum	819	89
Tekjur af verðbréfaeign	255	143
Gengishagnaður	0	939
Fjármunatekjur samtals	<u>1.074</u>	<u>1.171</u>
Vaxtagjöld	(10.139)	(9.992)
Verðbætur	(1.809)	(1.842)
Gengistap	(905)	0
Áhrif núvirðingar niðurrifsskuldbindingar	(322)	(309)
Eignfærðir vextir vegna flutningsvirkja í byggingu	638	2.471
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(12.537)</u>	<u>(9.672)</u>
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(11.463)</u>	<u>(8.501)</u>

Eignfærður fjármagnskostnaður nam 5,2% (30.6.22: 5,3%) á ársgrundvelli af bundnu fé í flutningsvirkjum í byggingu og undirbúningsverkefnum á tímabilinu. Um er að ræða meðaltals fjármagnskostnað félagsins á tímabilinu.

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

	2023	2022
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Frestaður tekjuskattur tímabilsins	(440)	(891)
Tekjuskattur færður meðal annarrar heildarafkomu	49	376
Tekjuskattur til greiðslu	(3.299)	(4.331)
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi	<u>(3.690)</u>	<u>(4.846)</u>
Virkur tekjuskattur	(19,8%)	(19,9%)

10. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2022	517.898	728.324	41.584	1.287.806
Viðbætur á árinu	6.316	2.236	2.094	10.646
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	36.726	61.120	0	97.846
Selt	0	0	(244)	(244)
Staða 31.12.2022	<u>560.940</u>	<u>791.680</u>	<u>43.434</u>	<u>1.396.054</u>

Skýringar, frh.:

10. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Tengivirki	Háspennu- línur	Aðrir fasta- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð				
Viðbætur á tímabilinu	1.854	568	2.757	5.179
Flutt af flutningsvirkjum í byggingu	6.896	0	0	6.896
Selt	0	0	(93)	(93)
Staða 30.6.2023	569.690	792.248	46.098	1.408.036
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2022	170.340	256.067	18.121	444.528
Afskriftir ársins	14.727	18.217	1.675	34.619
Selt og aflagt	0	0	(159)	(159)
Staða 31.12.2022	185.067	274.284	19.637	478.988
Afskriftir tímabilsins	7.804	9.201	842	17.847
Selt	0	0	(79)	(79)
Staða 30.6.2023	192.871	283.485	20.400	496.756
Bókfært verð				
1.1.2022	347.558	472.257	23.463	843.278
31.12.2022	375.873	517.396	23.797	917.066
30.6.2023	376.819	508.763	25.698	911.280
Bókfært verð án endurmats				
1.1.2022	248.861	238.129	23.463	510.453
31.12.2022	282.022	312.546	23.797	618.365
30.6.2023	285.041	360.903	25.698	671.642

Virðismat fastafjármuna í rekstri

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 eru línur og tengivirki félagsins færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þessar eignir voru síðast endurmetnar í lok árs 2021.

Samkvæmt stefnu félagsins um endurmat rekstrarfjármuna þá endurmetur félagið línur og tengivirki. Til grundvallar á endurmati ársins er annarsvegar rekstrarvirði með sjóðsstreymisgreiningu og hinsvegar áætlaður endurbyggingarkostnaður flutningskerfisins, sem metinn er af óháðum sérfræðingum. Virðisrýrnunarpróf á undirliggjandi eignum er einnig framkvæmt einu sinni á ári og er það gert fyrir ársuppgjör félagsins. Í 6 mánaða uppgjöri hafa stjórnendur lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um virðisrýrnun eigna og er niðurstaðan sú að svo sé ekki.

Flutningsvirki í byggingu:

	2023	2022
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.	29.655	83.432
Viðbætur á tímabilinu	18.007	30.896
Flutt á rekstrarfjármuni	(6.896)	(97.846)
Flutt af undirbúningskostnaði	137	13.173
Staða 30.6. / 31.12.	40.903	29.655

Skýringar, frh.:

11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Undirbúnings- kostnaður	Hugbúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2022	34.055	5.943	39.998
Viðbætur á árinu	3.483	658	4.141
Flutt af flutningsvirki í byggingu	(13.173)	0	(13.173)
Staða 31.12.2022	24.365	6.601	30.966
Viðbætur á tímabilinu	2.955	237	3.192
Flutt á flutningsvirki í byggingu	(137)	0	(137)
Staða 30.6.2023	27.183	6.838	34.021
Afskriftir og virðisrýrnun			
Staða 1.1.2022	7.359	3.842	11.201
Afskriftir ársins	1.195	106	1.301
Staða 31.12.2022	8.554	3.948	12.502
Afskriftir tímabilsins	0	74	74
Staða 30.6.2023	8.554	4.022	12.576
Bókfært verð			
1.1.2022	26.696	2.101	28.797
31.12.2022	15.811	2.653	18.464
30.6.2023	18.629	2.816	21.445

12. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Langtímaskuldir	30.6.2023	31.12.2022
Lánasamningar og skuldabréf í bandaríkjadöllum (USD), fastir vextir	443.846	404.502
Skráð skuldabréf á NASDAQ OMX í íslenskum krónum, fastir vextir	36.676	34.675
	480.522	439.177
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(50.457)	(28.066)
	430.065	411.111
Skuldbinding vegna nýtingarréttar leigueigna	1.485	1.326
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	431.550	412.437

Vaxtakjör af lánum félagsins eru frá 2,08% til 5,73%. Vegnir meðalvextir félagsins eru 4,33% (31.12.2022: 4,46%).

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

1.7.2023 - 30.6.2024 / 1.1.2023 - 31.12.2023	50.457	28.066
1.7.2024 - 30.6.2025 / 1.1.2024 - 31.12.2024	16.656	79.217
1.7.2025 - 30.6.2026 / 1.1.2025 - 31.12.2025	16.797	12.346
1.7.2026 - 30.6.2027 / 1.1.2026 - 31.12.2026	116.973	63.478
1.7.2027 - 30.6.2028 / 1.1.2027 - 31.12.2027	14.678	61.682
Síðar	264.961	194.388
	480.522	439.177

Skýringar, frh.:

13. Tekjuskattskuldbinding	2023	2022
Tekjuskattsskuldbinding félagsins greinist þannig:	1.1.-30.6.	1.1.-31.12.
Tekjuskattsskuldbinding 1. janúar	69.883	67.571
Reiknaður tekjuskattur	3.690	8.055
Áhrif tekjuskatts á heildarafkomu vegna niðurrifsskuldbindingar	50	930
Tekjuskattur til greiðslu	(3.299)	(6.673)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	<u>70.324</u>	<u>69.883</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í lok tímabilsins:		
Rekstrarfjármunir	70.053	69.557
Óefnislegar eignir	2.413	2.210
Aðrar eignir	907	721
Niðurrifsskuldbinding	(2.358)	(2.343)
Aðrar skuldbindingar	(793)	(770)
Óinnleystur gengismunur	102	508
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins	<u>70.324</u>	<u>69.883</u>

14. Fjármálagerningar

Lausafjánhætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

30. júní 2023

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðstreymi	Innan 12 mánaða	1-2 ár	2-5 ár	Eftir 5 ár
Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Langtímask.	484.272	482.303	50.739	33.969	132.052	265.543
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	14.214	14.214	14.214	0	0	0
	<u>498.486</u>	<u>496.517</u>	<u>64.953</u>	<u>33.969</u>	<u>132.052</u>	<u>265.543</u>

31. desember 2022

Fjárskuldir sem ekki eru afleiður:						
Langtímask.	442.554	528.614	44.381	94.272	174.359	215.602
Viðskiptask. og aðrar skt.sk.	12.679	12.679	12.679	0	0	0
	<u>455.233</u>	<u>541.293</u>	<u>57.060</u>	<u>94.272</u>	<u>174.359</u>	<u>215.602</u>

Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	30.6.2023		31.12.2022	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Aðrar langtímaskuldir	(480.522)	(475.662)	(439.177)	(433.652)
	<u>(480.522)</u>	<u>(475.662)</u>	<u>(439.177)</u>	<u>(433.652)</u>

Skýringar, frh.:

14. Fjármálagerningar, frh.:

Vextir við mat á gangvirði

Við núvirðingu vænts sjóðstreymis eru notaðir vextir af ríkisskuldabréfum auk 1 prósentustiga álags á uppgjörssdegi.

15. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar, móðurfélag, dótturfélag, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra í eigu teljast vera tengdir aðilar félagsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Í lok árs 2022 urðu þær breytingar að 93,22% eignarhlutur færðist frá Landsvirkjun, Rarik og Orkubúi Vestfjarða til Ríkissjóðs Íslands. Við þessar breytingar breyttist einnig skilgreining á tengdum aðilum en viðskipti við framangreind félög eru í samanburðartölum.

Rekstur dótturfélags Landsnets, Elma orkuviðskipta ehf., er óverulegur á tímabilinu og því ekki gerður samstæðureikningur.

Viðskipti við tengda aðila

	1.1.-30.6.2023	1.1.-30.6.2022
Sala á vöru og þjónustu:		
Dóttur- og hlutdeildarfélag / Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	10	31.376
Aðrir hluthafar	17.448	31.386
Sala á vöru og þjónustu til tengdra aðila samtals	17.458	62.762
Kaup á vörum og þjónustu:		
Dóttur- og hlutdeildarfélag / Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	996	11.504
Aðrir hluthafar	788	2.529
Kaup á vörum og þjónustu frá tengdum aðilum samtals	1.784	14.033

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2022		31.12.2022	
	Kröfur	Skuldir	Kröfur	Skuldir
Móðurfélag Landsnets og dótturfélög þess	0	29	145	0
Aðrir hluthafar	3.083	0	3.550	0
Samtals	3.083	29	3.695	0

Aðrar kröfur og skuldir við tengda aðila greinast þannig:

	30.6.2023	31.12.2022
Vaxtaberandi langtímakröfur á hlutdeildarfélag með næsta árs afborgun	4.010	3.468

16. Önnur mál

Á aðalfundi hinn 24. mars síðastliðinn var samþykkt að eigendum fyrirtækisins yrði greiddur arður að fjárhæð 3.600 milljónir íslenskra króna eða 25,8 millj. USD. Arðurinn var greiddur til eigenda í mars 2023.

Skýringar, frh.:

17. Kennitölur

Helstu kennitölur félagsins:

Rekstur:	1.1.-30.6.2023	1.1.-30.6.2022
Rekstrarhagnaður (EBIT)	29.895	32.715
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	47.816	49.312
Efnahagur:	30.6.2023	31.12.2022
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,07	1,11
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	44,3%	46,7%
Arðsemi eigin fjár á meðalstöðu eiginfjár	6,2%	6,8%